



# SKÝRINGAR

## MEÐ REGLUM UM ENDURGREIÐSLU KOSTNAÐAR VEGNA SLYSA OG TJÓNA ER BÖRN VERÐA FYRIR Í SKIPULÖGÐU STARFI Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR

### *Um 1. gr.*

Hér er gildissvið reglnanna skilgreint nánar en eins og heiti reglnanna segir til um, fjalla þær um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar.

Með orðinu "barn/börn" í reglunum er átt við alla einstaklinga yngri en 18 ára, sbr. skilgreiningu barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 3. gr. laganna. Þetta aldursmark er einnig í samræmi við 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997, þar sem fram kemur að menn verði lögráða, þ.e. bæði sjálfráða og fjárráða 18 ára gamlir og enn fremur í samræmi við 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Launuð störf, þ.e. þar sem börn fá laun vegna starfa á vegum Reykjavíkurborgar, t.d. á vegum Vinnuskólans eða í tengslum við atvinnutengt nám, falla ekki undir gildissvið reglnanna.

Með kostnaði er eingöngu átt við þann kostnað sem ekki fæst endurgreiddur hjá Tryggingastofnun ríkisins og tryggingafélagi foreldra/forráðamanna, ef trygging fyrir slysi og tjóni er til staðar.

Hér ber að taka það fram að reglurnar taka ekki til dánarbóta eða varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Reykjavíkurborg hefur ekki keypt sérstaka vátryggingar til handa börnum í skipulögðu starfi en að baki þeirri ákvörðun liggja hagkvæmnisástæðu. Hafa börn verið í sjálfsábyrgð borgarsjóðs, þar sem árlegar greiðslur Reykjavíkurborgar vegna slysa og tjóna barna í skólastarfi eru verulega lægri en heildariðgjald sem borgin þyrfti að greiða fyrir tryggingar barna ár hvert. Komi til slíks tjóns, mun embætti borgarlögmanns sjá um afgreiðslu þess og verður í þeim tilvikum annars vegar litið til þeirra trygginga sem nærliggjandi sveitarfélög eru að kaupa vegna barna á sínum vegum og hins vegar þeirra trygginga og viðmiðana sem tryggingafélagin eru að bjóða.

Athygli er vakin á því að greiðslur á grundvelli reglnanna eru greiddar án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar eða aðgæsluleysis starfsmanna Reykjavíkurborgar eða búnaðar húsnæðis í hennar eigu. Gildir því einu hvernig slysið bar að eða hver á sök á því.

### *Um 2. gr.*

Nauðsynlegt er að skilgreina með greinargóðum hætti hvað telst skipulagt starf á vegum Reykjavíkurborgar til að koma í veg fyrir ágreining um túlkun á því hvað fellur undir gildissvið reglnanna. Hér ber að taka það fram að ekki er um tæmandi talningu að ræða, þar sem starfsemi á vegum sviða borgarinnar getur tekið breytingum.

Hér ber að taka það fram að reglurnar taka ekki til starfsemi dagforeldra, þar sem þeim er gert að kaupa sérstaka slysatryggingu vegna barnanna, sbr. 8. tölulið 13. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu í

heimahúsum. Jafnframt falla einkareknir leikskólar ekki undir reglurnar þar sem rekstur þeirra er ekki á vegum Reykjavíkurborgar.

Ef upp kemur ágreiningur um hvort tiltekin starfsemi falli undir reglur þessar, er heimilt að vísa ágreiningi til meðferðar embættis borgarlögmanns, sem hefur lokaákvörðunarvald í þessum efnunum, sbr. 7. gr. reglnanna.

#### *Um 3. gr.*

Ósamræmi hefur verið á milli sviða Reykjavíkurborgar varðandi það hve margar komur á slysa- og bráðadeild skuli greiða. Til þess að létta ábyrgðinni af starfsmönnum Reykjavíkurborgar þegar upp koma tilvik þar sem vafi leikur á því hvort kalla eigi til sjúkrabifreið eða fara með viðkomandi barn á slysa- og bráðadeild, er talið nauðsynlegt að greiða beri fyrir fyrstu komu og komugjald á slysa- og bráðadeild.

#### *Um 4. gr.*

Hámarksupphæðin samkvæmt reglum Menntasviðs hefur ekki verið uppfærð samkvæmt verðlagsbreytingum en telja verður að kr. 100.000,- vegna einstaks slyss muni standa undir hlutdeild foreldra/forráðamanna. Þegar hámark eldri reglna var ákveðið var litið til þeirra tjóna sem vísað hafði verið til Reykjavíkurborgar. Einnig var litið til hlutdeildar Tryggingastofnunar ríkisins sem greiðir stærsta hluta kostnaðarins. Ekki eru efni til að breyta því mati. Þá er heimild að finna í 5. gr. þessara reglna um frekari kostnaðarpátttöku Reykjavíkurborgar byggða á mati tann sérfræðings um nauðsyn tannviðgerða síðar meir. Loks verður að skoða hámarksupphæðina út frá þeim víðtæku fjölskyldutryggingum sem tryggingafélögin bjóða upp á en almennt er slysakostnaður, þ.e. lækni- og tannlækniskostnaður greiddur að hámarki 210-230 þús. kr. og sjálfsábyrgðin er yfirleitt í kringum 10-20 þús. kr.

#### *Um 5. gr.*

Í þessari grein er vikið að heimild til frekari kostnaðarpátttöku vegna tannviðgerða og samkomulagsgerðar milli Reykjavíkurborgar og foreldra/forráðamanna barns um slíkt en sambærilegt ákvæði var í reglum Menntasviðs frá 1995. Reglurnar voru endurskoðaðar árið 2006 og var þá bætt við að heimilt væri að semja um framlengingu á gildistíma í allt að tvö ár til viðbótar þessum þremur árum. Ástæða þess er sú að stundum er gómur ekki orðinn fullvaxinn við 18 ára aldur til þess að fullnaðartannviðgerðir geti fram farið. Af hálfu starfshópsins var ekki talið tilefni til að breyta þeim tímarömmum sem kveðið er á um í greininni.

*Um 6. gr.*

Ljóst er að Tryggingastofnun ríkisins greiðir nauðsynlegan kostnað m.a. vegna stoðtækja. Ef tjón verður á eignum/munum barna sem rakið verður til mistaka starfsmanna Reykjavíkurborgar eða vegna vanbúnaðar húsnæðis þar sem skipulagt starf fer fram, skal krafa um endurgreiðslu beint til tryggingafélags Reykjavíkurborgar. Er þar um að ræða kröfu í frjálsa ábyrgðartryggingu sem tekur til bótaábyrgðar sem fellur á vátryggingartaka eða starfsmenn hans valdi þeir þriðja aðila tjóni með saknaðum eða ólögumætum hætti.

*Um 7. gr.*

Hér er kveðið á um framkvæmd reglnanna en ákveðið var af starfshópnum að hvert svið fyrir sig sjái um afgreiðslu mála og samkomulagsgerð á grundvelli 5. gr. reglnanna ef til þess kemur. Embætti borgarlögmanns skal vera til ráðgjafar og taka lokaákvæðanir í ágreiningsmálum sem upp koma.

*Um 8. gr.*

Greinin þarfnast ekki skýringar.